



Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps fimmtudaginn 20. mars 2014 kl. 11.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Sveinn og Bogi sátu fundinn í síma á skrifstofu Dalabyggðar vegna veðurs.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.**
Umsagnir vegna lýsingartillögu.

*Umsagnir hafa borist frá eftirtöldum aðilum:
Skipulagsstofnun 7. mars 2014.
Minjaverði Vesturlands 13. mars 2014.
Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 13. mars 2014.
Breiðafjarðarnefnd 19. mars 2014.
Vegagerðinni 11. mars 2014.*

Skipulagsnefnd hefur farið yfir fyrirliggjandi umsagnir og mælist til að tekið verði tillit til ábendinga við gerð tillögu um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Nefndin leggur til að frístundasvæði merkt F1 verði haldið inni á skipulagi. Samþykkt samhljóða.

2. **1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og Sjávarböð.**

*Fyrir fundinum lágu tillögur að deiliskipulagi og greinargerð, unnið af Hughrifum, Eylandi – Vatnavinum.
Gerð er tillaga að breytingu á mörkum deiliskipulagssvæðis að gildandi aðalskipulagsmörkum, að frístundasvæði F1 og að tjaldsvæði U6, byggingafulltrúa falið að koma þeim á framfæri, tillagan samþykkt að öðru leyti. Samþykkt samhljóða.*

3. **1211001 – Deiliskipulag þéttbýlið Reykhólar, Hellisbraut.**

Deiliskipulag fyrir Hellisbraut er samþykkt og verður auglýst samhlíða aðalskipulagsbreytingu. Samþykkt samhljóða.

4. **1403007 – Hafrafell 3 22010, umsókn um stofnun nýrrar lóðar, Sjáland.**

Undirrituð umsókn frá eigendum Hafrafells 3 og hnituð yfirlitsmynd dagsett 28. ágúst 2013.

Umsókn um stofnun lóðar Sjáland í landi Hafrafell 3 er samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

5. **1401008 – Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn, endurnýjun.**
Afrit af bréfi sveitarstjóra til Vegagerðarinnar dagsett 13. mars 2014.

Kynnt.

6. **1403008 – 363. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands og ársreikningur 2013.**
Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

7. **1403017– Smábátahöfn í Flatey.**
Áskorun frá Framfarafélagi Flateyjar frá fundi félagsins 8. mars 2014.

Unnið er að endurskoðun hafnarreglugerðar fyrir Reykhólahrepp og er höfnin í Flatey þar á meðal.

8. **1403010 – Breyting á starfssemi N1 í Króksfjarðarnesi, uppgröftur geyma.**
Um er að ræða þrjá 9000 lítra geyma sem fjarlægðir verða í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
Nefndin samþykkir erindið samhljóða og að gengið verði frá svæðinu á snyrtilegan hátt. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____